

**From:** Björn Ingi Sveinsson [<mailto:bjorn.ingi@kleos.is>]

**Sent:** 20. september 2016 13:03

**To:** Haraldur Lindal Haraldsson

**Cc:** Jóhannes Einarsson ([johse@simnet.is](mailto:johse@simnet.is)); Kristján Sturluson; Auður Þorkelsdóttir; Ágústa Kristófersdóttir; Hallmar Halldórs ([hallmar@iceh2.com](mailto:hallmar@iceh2.com))

**Subject:** RE: Reykdalsvirkjun ses

Sæll Haraldur

Ég hef nú séð eftirfarandi bókun sem gerð var á fundi stjórnar Hafnarborgar þar sem fjallað var um erindi Reykdalsvirkjunar um að reysa stytta úr bronsi af Jóhannesi J Reykdal. Bókunin var svo hljóðandi:

### 3. 1606046 - Reykdalsvirkjun, stytta, umsókn

Reykdalsvirkjun ses hefur óskað eftir því að fá að reisa stytta úr bronsi í fullri stærð af Jóhannesi Reykdal á svæðinu milli stöðvarhúss Reykdalsvirkjunar og stíflu sömu virkjunar. Gert er ráð fyrir að stytta verði unnin Ragnhildi Stefánsdóttur sem vann stytta af Ingibjörgu H Bjarnason, sem stendur fyrir utan Alþingishúsið. Reiknað er með því að verkið muni taka allt að eitt ár. Reykdalsvirkjun ses mun standa straum af öllum kostnaði við verkefnið.

Stjórn Hafnarborgar gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að stytta verði reist en bendir á að áður endanlegt leyfi verði veitt þurfi að skoða erindið út frá deiliskipulagi svæðisins. Sömuleiðis þarf að skoða eignarhald á styttni til framtíðar. Mun Reykdalsfélagið eiga stytta og sjá um uppsetningu og viðhald á henni? Til lengri tíma litið fylgir kostnaður því að halda útilistaverkum við og mikilvægt er að ljóst sé strax í upphafi hver á að bera þann kostnað.

Ég vil þakka stjórn Hafnarborgar fyrir það að gera ekki athugasemdir við að stytta verði reist. Vil þó í tengslum við aðrar athugasemdir stjórnarinnar segja eftirfarandi:

1. Samkvæmt skipulagsskilmálum svæðisins sem nefnist "Hörðuvellir – Reykdalsreitir" má sjá að svæðið, sem félagið hefur augastað á sem mögulega staðsetningu styttunnar, er skilgreint sem opið svæði (grænt í meðfylgjandi deiliskipulagsupprætti). Hluti þessa opna svæðis er svo skilgreindur sérstaklega að njóti hverfisverndar (skástrikað grænt á upprættinum), en fyrirhuguð staðsetning styttunnar er þó utan þessa hverfisverndaða svæðis. Samkvæmt deiliskipulagsupprættinum hefur deiliskipulagi hverfisverndaða svæðisins verið frestað en í öllu falli þurfa framkvæmdir innan þess svæðis ávallt að fara fyrir skipulagsnefnd. Ekki verður þó séð að framkvæmdir á því svæði sem skilgreint er sem opið svæði, án hverfisverndar, þurfi sérstaklega að fara fyrir skipulagsnefnd vegna þessara áforma, en fyrirhuguð staðsetning styttunnar er merkt á báðum viðhengjum með X. Það er þó auðvitað ákvörðun bæjarins. Rétt er að benda á að gönguslóðarnir sem sýndir eru sunnan Lækjargötunnar eru útfærðir með öðrum hætti í reynd en fram kemur á deiliskipulagsupprættinum og eins og fram kemur á meðfylgjandi loftmynd.
2. Hvað varðar eignarhald á styttni og kostnað vegna hennar þá kom fram í erindi Reykdalsvirkjunar ses að félagið mundi "standa straum af öllum kostnaði við verkefnið". Það innifelur kostnað við gerð styttunnar og uppsetningu hennar. Uppsetning styttunnar og staðsetning verður svo gerð í samráði við Hafnarfjarðarbæ.
3. Eftir að styttni hefur verið komið fyrir mun Reykdalsvirkjun ses færa Hafnarfjarðarbæ stytta að gjöf til minningar um þennan merka athafnamann bæjarfélagsins. Frá þeim tíma að gjöfin hefur verið færð mun viðhald styttunnar verða á vegum bæjarins en ekki Reykdalsvirkjunar ses. Það getur þó vart talist mikil kvöð og varla ástæða fyrir bæjarfélagið að kveinka sér yfir henni.

Í ljósi ofangreindra ábendinga og skýringa vonast undirritaður, f.h. Reykdalsvirkjunar ses, til að endanlegt leyfi fyrir verkefninu verði veitt án mikilla tafa svo hægt sé að hefja undirbúnings verksins og gerð styttunnar.

Með góðri kveðju / Best regards

Björn Ingi